

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2011/EES/11/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 167/09/COL frá 27. mars 2009 um leigu og sölu flugvallarins í Lista (Noregur)	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2011/EES/11/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6076 – Orangina Schweppes/Européenne d'Embouteillage) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2011/EES/11/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6082 – China National Bluestar/Elkem)	13
2011/EES/11/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6083 – Fiat/GM/VM Motori JV)	14
2011/EES/11/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6104 – Safran/SNPE Matériaux Energétiques/Regulus)	15
2011/EES/11/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6119 – Arla/Hansa)	16
2011/EES/11/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6120 – APMT/PSA/COSCO/DPPC/DPCT) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	17
2011/EES/11/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6127 – Atos Origin/Siemens IT Solutions & Services)	18
2011/EES/11/09		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6128 – Blackstone/Mivisa)	19

2011/EES/11/010	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6133 – FSI/STMicroelectronics) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	20
2011/EES/11/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6142 – AVIC/Pacific Century Motors) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	21
2011/EES/11/12	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 27 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. mars 2011	22
2011/EES/11/13	Kynningartilkygning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Nýjar almannaþjónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug milli Lampedusa og Pantelleria og Trapani, Palermo og Catania	22
2011/EES/11/14	Kynningartilkygning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir	23
2011/EES/11/15	Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. nóvember 2010 til 31. desember 2010	23

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2011/EES/11/01

167/09/COL

frá 27. mars 2009

um leigu og sölu flugvallarins í Lista

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum ákvæða 24. gr.,

með vísan til 3. mgr. 1. gr. I. hluta og 2. mgr. 4. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól ⁽⁴⁾,

með vísan til leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins ⁽⁵⁾, einkum ákvæða 5. hluta um ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum,

eftir að hafa beint því til hagsmunaaðila að þeir legðu fram athugasemdir í samræmi við 1. mgr. 6. gr. II. hluta bókunar 3 ⁽⁶⁾

og með hliðsjón af athugasemdum sem borist hafa

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1 Málsmeðferð

Ákvörðun 183/07/COL um að hefja formlega rannsókn var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau. Eftirlitsstofnun EFTA leitaði eftir athugasemdum hagsmunaaðila. Eftirlitsstofnun EFTA bærust athugasemdir frá Lista Lufthavn AS. Með bréfi dags. 4. desember 2007 (skjalnr. 455712) framsendi Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum í Noregi þessar athugasemdir og bauð þeim að svara. Stjórnvöld í Noregi sendu athugasemdir með bréfi dagsettu 12. október 2007 (skjalnr. 457245).

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslensku þýðingunni.]

⁽²⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ „Bókun 3“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁵⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna (Stjtið. EB eða Stjtið. ESB í því sem hér fer á eftir) L 231 3.9.1994, bls. 1, og í EES-viðbæti nr. 32 sama dag, bls. 1. Leiðbeinandi reglunum var breytt síðast 16. desember 2008. Þær nefnast „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrætt gerð Leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/state_aid_guidelines/

⁽⁶⁾ Sjá Stjtið. ESB L 250, 25.10.2007, bls. 28, og EES-viðbæti nr. 50, 25.10.2007, bls. 13.

Eftirlitsstofnun EFTA skipaði sérfræðing, Geir Saastad, til að inna af hendi óháð sérfræðimat á flugvöllum í Lista. Skipan sérfræðingsins öðlaðist gildi hinn 14. apríl 2008. Sérfræðingnum var falið það verkefni að ákvarða i) markaðsvirði flugvallarins og ii) virði þeirra kvaða sem tengdust lóðinni og húseignunum.

Lokaskýrsla óháða sérfræðingsins var afhent Eftirlitsstofnun EFTA í maí 2008.

Með bréfi sem var dagsett 18. júlí 2008 (skjalnr. 486089) óskaði Eftirlitsstofnun EFTA eftir frekari upplýsingum frá stjórnvöldum í Noregi.

Stjórnvöld í Noregi veittu umbeðnar upplýsingar í bréfi sem var dagsett 28. ágúst 2008 (skjalnr. 489312).

2 Lýsing á ráðstöfununum

Eftirlitsstofnun EFTA rannsakaði tvær aðgreindar ráðstafanir: leigu og sölu flugvallarins í Lista.

2.1 Lýsing á flugvöllum í Lista:

Í tillögu nr. 50 (1994–1995) til norska Stórþingsins ⁽⁷⁾ lagði landvarnaráðuneytið til að flugvöllum yrði lokað. Landvarnaráðuneytið lagði fram svokallaðan „annan þróunarkost“. Í áætluninni var gert ráð fyrir því að norski herinn myndi meta húseignirnar til að skera úr um hverjar þeirra væri ekki hægt að nota fyrir framleiðslu eða viðskiptatengda starfsemi og hverjar ætti ekki að nota fyrir slíka starfsemi. Húseignum sem hægt væri að nota undir viðskipti eða framleiðslu skyldi haldið við í tíu ár hið mesta til þess að unnt væri að fara yfir hvaða kostir gæfust til viðskiptaþróunar og sjá til þess að flugvöllurinn yrði nýttur sem best í viðskiptaskyni.

Nokkrar skýrslur voru samdar til að fylgja eftir ákvörðun Stórþingsins og til að fá yfirlit yfir almennt ásigkomulag flugvallarins í Lista (stjórnvöld í Noregi hafa aðeins lagt fram skýrslu um eldvarnaöryggi, dagsetta 24. janúar 2002, þar sem fyrirtækið TekØk greindi frá þeim stöðlum sem þá voru í gildi, ráðlagði endurnýjun og reiknaði út kostnaðinn við þá vinnu sem lögð var til).

Flugvöllurinn í Lista nær yfir 5 000 000 m² lands. Byggingarnar sem þar eru samanstanda af geymslúhúsnæði, herbúðum, mótuneytum og flugskýlum, samtals um 28 000 m². Á landareigninni er einnig flugvöllur og votlendissvæði.

Samkvæmt deiliskipulagi bæjarfélagsins af flugvöllum í Lista, sem bæjarráð Farsund hefur samþykkt, væri hægt að nota eignirnar undir viðskiptastarfsemi, m.a. flugþjónustu, opinber þróunarverkefni, handverk og iðnað. Svæðið í kringum Slevdalsvannet, sem nær yfir votlendissvæðið og skotfærageymslu norska hersins, var einungis til nota fyrir norska herinn og undir flugvallarþjónustu, auk þess sem það var náttúruverndarsvæði. Unnt væri að nota um það bil 1 900 000 m² undir iðnaðarstarfsemi. Hlutar lóðarinnar og nokkrar húseignir njóta verndar í samræmi við verndaráætlun norska hersins, m.a.:

- þrjú flugskýli og loftvarnahermirinn,
- mótuneyti og
- hlutar lóðarinnar, m.a. flugbrautir, akbrautir flugvéla og hluti vegakerfisins.

2.2 Leiga flugvallarins í Lista

Vegna endurskipulagningar á landareignum norska hersins hafði verið ákveðið á árunum 1994 til 1995 að starfsemi flughersins á flugvöllum í Lista skyldi lögð niður frá og með 1. júlí 1996.

Hinn 27. júní 1996 gerði fasteignasýsla norsku landvarnanna (framvegis nefnd „Forsvarsbygg“) leigusamning til tíu ára við Lista Airport Development AS („LAD“) er gildi frá 1. júlí 1996 til 30. júní 2006 og hafði að geyma ákvæði um að LAD gæti leigt flugvöllinn til annarra tíu ára. Félagið var í eigu sveitarfélagsins Farsund (20%) og fjárfesta á svæðinu (80%). Samningurinn tók til níu húseigna, sem svarar til um það bil 12 500 m², og flugbrautarinnar, sem er 421 610 m².

⁽⁷⁾ Tillaga til Stórþingsins nr. 50 (1994–1995) fylgdi eftir ályktun Stórþingsins um endurskipulagningu norska hersins. Endurskipulagningin fólst m.a. í því að loka flugvöllum í Lista frá 1. janúar 1996.

Helsta markmiðið með samningnum var að þróa flugrekstur í viðskiptaskyni á flugvöllum innan vébanda áætlunarinnar um „annan þróunarkost“ og skyldi verja til þess tíu árum hið mesta.

Hinn 1. júlí 1996 var leigusamningurinn færður á nafn fyrirtækisins Lista Lufthavn AS („LILAS“) sem hafði verið stofnað sem slíkt 3. maí 1996.

Í leigusamningnum var kveðið á um að LILAS skyldi taka á leigu tilteknar húseignir og flugbrautina sjálfa gegn árlegri greiðslu að fjárhæð 10 000 norskra króna og skyldi hún leiðrétt á fimm ára fresti. Forsvarsbygg myndi jafnframt eiga rétt á 15% af tekjum LILAS af framleigu húseignanna. LILAS gerði nokkra framleigusamninga á tímabilinu frá 1. júlí 1996 til septembermánaðar 2002. Tekjurnar sem Forsvarsbygg fékk greiddar vegna framleigunnar námu 245 405 norskra króna.

Í leigusamningnum var kveðið á um að eigandi flugvallarins bæri ábyrgð á viðhaldi á ytra byrði húseignanna og viðhaldi flugbrautarinnar. Ábyrgðin takmarkaðist við 1 500 000 norskra króna árlega. Eigandinn átti rétt á hluta hagnaðarinnar sem endurgjald fyrir þessa skuldbindingu. Í 3. gr. leigusamningsins var kveðið á um að ef hagnaðurinn af notkun flugvallarins í viðskiptaskyni væri meiri en 4 500 000 norskra króna ætti eigandi flugvallarins rétt á 20% af hagnaðinum sem væri umfram þá fjárhæð.

Áætlunarflug var stundað þar um tíma. Braathen Safe og Air Stord stunduðu áætlunarflug til 1. nóvember 1999. Á árinu 2000 hélt LILAS áfram að kanna hvort hægt væri að hefja áætlunarflug á ný og þróa flugvöllinn sem miðstöð fraktflutninga þaðan sem alþjóðlegri flugfrakt yrði dreift til Evrópu. LILAS tókst að koma aftur á áætlunarflugi milli Óslóar og Lista sem Cost Air stundaði allt árið 2001. Á árinu 2002 var ekkert áætlunarflug frá flugvöllum í Lista. Þar eð LILAS náði ekki því upphaflega markmiði sínu að koma á laggirnar flugrekstri í viðskiptaskyni á flugvöllum voru tekjurnar á árunum 1996–2002 aldrei hærra en 4 500 000 norskra króna á ári.

Við lok upphaflegs tíu ára tímabils átti LILAS þess kost að framlengja leiguna um önnur tíu ár. Ef sá réttur væri ekki nýttur gæti LILAS keypt tiltekið svæði á flugvöllum fyrir 10 000 000 norskra króna. Í samningnum var enn fremur kveðið á um að LILAS ætti þess kost að kaupa allan flugvöllinn fyrir 25 000 000 norskra króna, færi svo að Forsvarsbygg myndi ákveða að selja flugvöllinn í Lista í einu lagi á leigutímanum. Í bréfi sem var dagsett 13. desember 2002 féll LILAS frá forkaupsrétti sínum að flugvöllum í einu lagi og flugvöllurinn var seldur Lista Flypark AS.

Í júní 2006, í samræmi við skilmála leigusamningsins, nýtti LILAS sér forkaupsrétt sinn og keypti hluta flugvallarins í Lista fyrir 10 000 000 norskra króna af Lista Flypark AS.

2.3 *Sala flugvallarins í Lista*

Forsvarsbygg seldi flugvöllinn í Lista fyrirtækinu Lista Flypark AS hinn 12. september 2002. Niðurstaða þeirra viðskipta var að hreinar greiðslur norska ríkisins til Lista Flypark AS námu 10 875 000 norskra króna. Í því skyni að greina skilmála og skilyrði sem giltu um söluna verður að gera greinarmun á tveimur þrepum, mati á markaðsvirði landareignarinnar annars vegar og kvöðunum sem hvíla á lóðinni og húseignunum hins vegar.

2.3.1 *Ráðstafanir til að finna kaupanda að flugvöllum*

LILAS hafði samband við Forsvarsbygg árið 1997 í því skyni að semja um kaup á flugvöllum. Hinn 21. október 1998 komu sveitarfélagið Farsund og LILAS sér saman um áætlun um kaup á eigninni. Upp úr samningaviðræðum milli Forsvarsbygg, sveitarfélagsins Farsund og LILAS slitnaði hins vegar hinn 22. febrúar 1999 þar eð aðilar gátu ekki komið sér saman um verð.

Forsvarsbygg auglýsti eignina nokkrum sinnum til sölu á árinu 2000 í staðar- og héraðsblöðum (Farsund Avis, Fedrelandsvennen og Stavanger Aftenblad). Á þeim tíma voru uppi áform um að selja **hluta** af landareigninni. Auglýsingarnar leiddu ekki til sölu.

Dagana 16. og 17. ágúst 2001 stóð Forsvarsbygg fyrir Lista-ráðstefnunni sem 7 000–8 000 hugaslegum fjárfestum var boðið að sækja. Tilgangur ráðstefnunnar var að kynna flugvöllinn

í Lista fyrir áhugaáðilum og hvernig hugsanlega væri unnt að breyta honum úr herflugvelli í flugvöll til borgaralegra nota, rekinn í viðskiptaskyni. Að ráðstefnunni lokinni var ráðgjafi að nafni Hjort skipaður til að aðstoða við sölu. Hann komst að þeirri niðurstöðu að „erfitt væri að selja fasteignaþróunarfélögum flugvöllinn þar eð ekki væru fyrir hendi neindir raunhæfir kaupendur og vegna þess að notkunarmöguleikar eignarinnar væru mjög takmarkaðir vegna samkomulagsins við LILAS“.

Forsvarsbygg ákvað í ágúst 2001 að eignin skyldi seld **í einu lagi** í því skyni að koma í veg fyrir að hugsanlegum kaupendum myndi þykja sum svæði á flugvöllinum litt eftirsóknarverð.

Í tengslum við samningaviðræður snemma árs 2002 við fasteignapróunarfélögin Intervest Eiendom AS og Interconsult Prosjektutvikling AS, pantaði Forsvarsbygg verðmat frá tveimur fasteignamatfyrirtækjum, Verditakst og OPAK. Þær viðræður fóru út um þúfur en hinn 12. september 2002 náðist samkomulag um sölu milli Forsvarsbygg og Lista Flypark AS.

2.3.2 Kaupverðið

Kaupverðið byggðist á þremur þáttum: i) raunverulegu verði sem greitt skyldi fyrir eignina, ii) viðbótargreiðslu sem samsvarar 50% af hreinni endursölu og iii) fjárhæð sem svarar til 30% af hreinum tekjum af leigusamningnum.

i) Verð eignarinnar

Í skýrslu OPAK, sem var dagsett 29. maí 2002, var gerður greinarmunur á þremur eftirfarandi möguleikum: sölu eignarinnar til nýs kaupanda (32 000 000 norskra króna), sölu eignarinnar til leigutakans á grundvelli forkaupsréttar hans á hluta húseignanna og lóðarinnar, sem hann hefur á leigu, við lok tíu ára leigutímabilsins (34 000 000 norskra króna) og sölu eignarinnar til leigutakans á grundvelli forkaupsréttar hans á eigninni í einu lagi á leigutímanum (25 000 000 norskra króna).

Í skýrslu Verditakst, sem var dagsett 7. júní 2002, var markaðsvirði eignanna talið vera 11 000 000 norskra króna.

Umsamið söluverð byggðist í raun á mati Verditakst, þ.e. 11 000 000 norskra króna.

Á grundvelli eldvarnaskýrslunnar, sem vísað er til hér að framan, var fjárhæð er nam 7 500 000 norskra króna dregin frá andvirði eignanna og var það gert til að mæta kostnaði við að koma upp eldvörnum í samræmi við gildandi staðla. Söluverð eignanna lækkaði þannig í 3 500 000 norskra króna.

ii) Hreinni endursölu skipt til helminga

Samkvæmt ákvæðum 3. gr. sölusamningsins átti Forsvarsbygg rétt á að fá 50% af öllum tekjum af sölu á lóðarskikum úr eigninni. Vegna sölu á tveimur lóðarskikum hafa 795 263 norskra króna verið yfirfærðar til Forsvarsbygg. Að auki eru 5 000 000 norskra króna útistandandi vegna ósamkomulags um hvernig túlka beri þetta ákvæði í tengslum kaup LILAS á því svæði sem fyrirtækið átti kauprétt að samkvæmt leigusamningnum.

iii) 30% af hreinum tekjum af leigusamningnum

Forsvarsbygg átti einnig rétt á að fá 30% af öllum hagnaði eftir skatta sem fengist af leigusamningnum. Engar tekjur mynduðust þó af starfsemi Lista Flypark AS á árunum 2003 til 2006.

2.3.3 Virði kvaðanna sem tengjast lóðinni og húseignunum

Samkomulag tókst um að kaupandinn fengi greitt fyrir þær kvaðir sem tengdust eigninni og ekki hafði verið tekið tillit til við verðmatið. Endurgjaldið náði til eftirfarandi:

i) endurgjald vegna tæknivirkja (meðal annars raflagna): 3 500 000 norskra króna

Forsvarsbygg tók að sér að stuðla að því að umbreyta flugvöllinum úr herflugvelli í fyrirtæki á viðskiptaforsendum í samræmi við ákvörðun Stórþingsins: „í samræmi við ályktun Stórþingsins ber henum skylda til að búa svæðið undir borgaraleg not. Þessi kvöð snýr sérstaklega að hvers kyns skuldbindingu gagnvart eigendum samliggjandi lands vegna framræslu, svo og að því að greiða götu nýs grunnvirkis í tengslum við þróun svæðisins.“

ii) endurgjald vegna þróunar nýs grunnvirkis: 5 500 000 norskra króna

Forsvarsbygg var aftur skylt að standa straum af kostnaðinum við að umbreyta flugvellið úr herflugvelli í borgaralegan flugvöll.

iii) endurgjald vegna leigusamnings LILAS: 5 375 000 norskra króna

Í leigusamningnum er kveðið á um að eigandi flugvallarins beri ábyrgð á rekstrarkostnaði og viðhaldi á ytra byrði bygginganna og viðhaldi flugbrautarinnar. Þessar skuldbindingar voru þó takmarkaðar við 1 500 000 norskra króna á ári. Þar eð Forsvarsbygg var skylt, þegar salan fór fram 2002, að greiða LILAS 1 500 000 norskra króna árlega í fjögur ár í viðbót, eða þar um bil, voru 5 375 000 norskra króna færðar sem tekjur hjá Lista Flypark AS til að félagið gæti staðið við þessar skuldbindingar gagnvart LILAS.

Heildarendurgjaldið að fjárhæð 14 375 000 norskra króna var jafnað út á móti söluverðinu að fjárhæð 3 500 000 norskra króna. Stjórnvöld í Noregi greiddu kaupanda því í raun 10 875 000 norskra króna.

3 Athugasemdir norskra stjórnvalda

3.1 Athugasemdir vegna leigusamnings LILAS

3.1.1 LILAS var ekki veitt nein aðstoð samkvæmt leigusamningnum né annar ávinningur

Stjórnvöld í Noregi hafa bent á að enda þótt leigan, eins og hún var tilgreind í leigusamningnum, væri vissulega 10 000 norskra króna á ári, endurspeglaði það ekki þær fjárhæðir sem Forsvarsbygg voru í raun greiddar. Forsvarsbygg ætti einnig rétt á að fá 15% af tekjum LILAS af framleiðu húseignanna. Ef brúttótekjur af starfsemi tengdri flugrekstri í viðskiptaskyni væru hærri en 4 500 000 norskra króna á ári, ætti Forsvarsbygg enn fremur rétt á að fá 20% af þeim tekjum sem væru umfram þá fjárhæð.

Tekjur af framleiðunni sem voru greiddar til Forsvarsbygg námu 245 405 norskra króna. Stjórnvöld í Noregi segja að leggja verði tekjur af framleiðunni að fjárhæð 245 405 norskra króna við árlega leigu að fjárhæð 10 000 norskra króna. Heildarleigan á gildistíma leigusamningsins þar til salan fór fram 2002 nam 310 405 norskra króna.

Stjórnvöld í Noregi halda því enn fremur fram að LILAS hafi átt að þróa, reka og halda við eigninni með flugrekstur í viðskiptaskyni á flugvellið í huga og að það jafngildi almannaþjónustukvöð. Í þessu samhengi bæri að líta svo á að leigufjárhæðin skipti fremur litlu máli við mat á leigusamningnum. Ef verkefnið hefði verið farsælt, hefði hagnaður LILAS samkvæmt leigusamningnum getað orðið verulegur. Ef hófsamari spárnar ættu að ganga eftir myndi leigan á flugvellið á hinn bóginn ekki vera ábatasöm fyrir LILAS vegna þeirrar fjárhagslegu áhættu sem fólst í leigusamningnum og tengdist verulegum kostnaði sem ekki varð komist hjá.

3.1.2 Engin áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna

Stjórnvöld í Noregi hafa haldið því fram að ekkert bendi til þess að aðstoðin hefði haft áhrif á viðskipti innan EES eða raskað samkeppni. Þau hafa vísað til leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð um fjármögnun flugvalla og aðstoð vegna nýrra leiða sem er veitt flugfélögum með starfsemi á héraðsflugvöllum⁽⁸⁾ en samkvæmt þeim myndi Lista flokkast sem flugvöllur í D-flokki, þ.e. lítill flugvöllur með færri en 1 milljón farþega á ári. Heildarfjöldi íbúa á þjónustusvæði flugvallarins í Lista er 32 000 manns. Í leiðbeinandi reglum um flugvelli segir svo: „Aftur á móti er ólíklegt að fjárveitingar til litilla héraðsflugvalla (D-flokks) raski samkeppni eða hafi áhrif á viðskipti í þeim mæli að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum“.⁽⁹⁾

⁽⁸⁾ Um nánari upplýsingar sjá http://www.efasurv.int/fieldswork/fieldstateaid/state_aid_guidelines/

⁽⁹⁾ Sjá 29. málslíð Leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð um fjármögnun flugvalla og aðstoð vegna nýrra leiða sem er veitt flugfélögum með starfsemi á héraðsflugvöllum.

3.1.3 Engin ólögmet aðstoð var veitt

Stjórnvöld í Noregi halda því fram að nýjum leiðbeinandi reglum um flugvelli ⁽¹⁰⁾ skuli beitt við mat á skilmálum leigusamningsins. Enda þótt ekki hafi verið búið að samþykka nýju leiðbeinandi reglurnar um flugvelli þegar leigusamningurinn var gerður, halda stjórnvöld í Noregi því fram að þær „komi til viðbótar en ekki í stað“ fyrri leiðbeinandi reglna og því skuli þeim beitt.

Stjórnvöld í Noregi halda því fram að LILAS hafi verið falið verkefni sem jafngilti almannajónustukvöð: „rekstur mannvirkja, þ.e. viðhald og daglegur rekstur flugvallarvirkja“. Því næst vísa þau til nýju leiðbeinandi reglnanna um flugvelli þar sem eftirfarandi ákvæði er að finna: „Fjármögnun af því tagi telst ekki ríkisaðstoð ef hún er endurgjald fyrir almannajónustu, sem flugvallarreka er gert að inna af hendi, í samræmi við skilyrðin sem sett eru í Altmark-dóminum. (...) er aðeins unnt að lýsa slíka aðstoð samrýmanlega framkvæmd EES-samningsins á grundvelli a- eða c-liðar 3. mgr. 61. gr., að fullnægðum sérstökum skilyrðum, í afskiptum byggðum, eða á grundvelli ákvæða 2. mgr. 59. gr., ef hún fullnægir tilteknum skilyrðum sem tryggja að hún sé nauðsynleg til að veita megi þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu og hafi ekki áhrif á viðskipti í þeim mæli að stríði gegn hagsmunum samningsaðila“.

Sveitarfélagið Farsund, þar sem flugvöllurinn er staðsettur, fellur undir svæði þar byggðaaðstoð má veita.

Stjórnvöld í Noregi komast því að þeirri niðurstöðu að öll aðstoð sem LILAS var veitt svari til endurgjalds sem var ekki umfram það sem nauðsynlegt var til að standa straum af kostnaði sem fyrirtækið stofnaði til við að rækja þá almannajónustukvöð sem því var falin.

3.2 Athugasemdir vegna sölusamningsins

3.2.1 Lista Flypark AS var ekki veitt nein aðstoð í tengslum við sölu né annar ávinningur

Stjórnvöld í Noregi halda því fram að enda þótt ekki hafi í stangasta skilningi verið farið að þeim skilyrðum sem lýst er í undirkafla 2.2 í Leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð varðandi ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum, „hafi flestum hugsanlegum kaupendum verið gerð fullnægjandi grein fyrir tilraunum Forsvarsbygg til að selja flugvöllinn“. Eins og tekið er fram í undirkafla 2.3.1 hér að framan, var einmitt gripið til margvíslegra aðgerða til að finna kaupanda.

Stjórnvöld í Noregi hafa enn fremur lagt áherslu á að söluverðið endurspegladi rétt virði eignarinnar og þeirra lagalegu skuldbindinga sem henni tengdust. Þau vísa til þess að raunverulegt kaupverð hafi ekki einungis samsvarað verðinu á landareigninni heldur einnig öðrum þáttum, svo sem helmingsskiptum á hagnaði af endursölu og 30% skiptingu á hugsanlegum hreinum tekjum hjá Lista Flypark AS (sjá undirkafla 2.3.2 að framan).

3.2.2 Engin áhrif á viðskipti milli EES-rikkanna

Stjórnvöld í Noregi ítrekuðu atriðin sem þau vísuðu til hér að framan í undirkafla 3.1.2.

3.2.3 Engin ólögmet aðstoð var veitt

Stjórnvöld í Noregi vísuðu til útskýringa sinna varðandi leigusamninginn sem gerður var við LILAS.

4 Umsagnir annarra

Í bréfi sem var dagsett 15. nóvember 2007 (skjalnr. 452517) lagði lögmannsstofan, sem er fulltrúi Lista Lufthavn AS, fram athugasemdir við ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar um að hefja formlega rannsókn. ⁽¹¹⁾

Í athugasemdunum var eingöngu fjallað um leigusamninginn en ekki um sölu lóðarinnar.

⁽¹⁰⁾ „Nýju leiðbeinandi reglurnar um flugvelli“ vísa til leiðbeinandi reglna sem voru samþykktar 20. desember 2005, þ.e. eftir að leigusamningurinn við LILAS hafði verið gerður.

⁽¹¹⁾ Ákvörðun 183/07/COL, sem vísað er til í 6. neðanmálgrein hér að framan.

4.1 *LILAS var ekki veitt nein aðstoð eða ávinningur samkvæmt leigusamningnum*

Árleg leiga var í reynd ekki 10 000 norskra króna þar sem Forsvarsbygg fékk 245 405 norskra króna vegna framleigunnar. Enn fremur var LILAS – með leigusamningnum – falin sú almannaþjónustukvöð á hendur að reka og stjórna flugvöllinum í Lista. Þessi almenna þjónustukvöð fól í sér að möguleikar LILAS til að reka flugvöllinn í öðrum tilgangi voru verulega takmarkaðir. Á árinu 2001 nam heildarkostnaðurinn við slíkan rekstur um það bil 5 500 000 norskra króna á ári. Í ljósi verulegs kostnaðar var árlegt hámark að fjárhæð 1 500 000 norskra króna fellt inn í leigusamninginn 9. maí 2006. LILAS og hluthafar í fyrirtækinu töpuðu umtalsverðu fé vegna leigusamningsins.⁽¹²⁾

4.2 *Engin áhrif á viðskipti milli EES-rikkjana*

Samningurinn við LILAS tengist einvörðungu leigu á flugvöllinum í Lista vegna almannaþjónustukvæða um stjórnun og rekstur sjálfs flugvallarins en ekki um rekstur innlands áætlunarflugs og alþjóðlegra vöruflutninga í lofti. Að þessu leyti myndi aðstoð sem væri veitt samkvæmt leigusamningnum ekki hafa áhrif á viðskipti í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

4.3 *Hvers kyns aðstoð til LILAS væri lögumæt aðstoð*

Ef Eftirlitsstofnun EFTA kæmist að þeirri niðurstöðu að LILAS hefði verið veitt aðstoð, myndi hún þó samrýmast EES-samningnum á grundvelli leiðbeinandi reglna um fjármögnun flugvalla og aðstoð vegna nýrra leiða sem er veitt flugfélögum með starfsemi á héraðsflugvöllum.

4.4 *Enginn grundvöllur fyrir ákvörðun um endurheimt*

Að lokum, leigusamningurinn var gerður 27. júní 1996. Eina beiðnin um upplýsingar sem var send næstu tíu árin eftir þann dag snerist um það hvort salan hefði hugsanlega falið í sér aðstoð en ekki hvort leigusamningurinn hefði gert það. Á þessu tíu ára tímabili kom því ekki til neinna afskipta eftirlitsstofnunarinnar. Í 15. gr. bókunar 3 segir: „Tíu ára fyrningarfrestur skal gilda um heimildir Eftirlitsstofnunar EFTA til þess að láta endurgreiða aðstoð“.

II. MAT

1 **Leiga hluta flugvallarins í Lista**

Leigusamningurinn við LAD var undirritaður 27. júní 1996 og gekk í gildi 1. júlí 1996.

Í 15. gr. bókunar 3 segir:

„1. Tíu ára fyrningarfrestur skal gilda um heimildir Eftirlitsstofnunar EFTA til þess að láta endurgreiða aðstoð.

2. Fyrningarfrestur hefst daginn sem hin ólöglega aðstoð er veitt þiggjanda, annaðhvort sem stök aðstoð eða aðstoð samkvæmt aðstoðarkerfi. Sérhver aðgerð af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA eða EFTA-rikkis, sem aðhefst að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA vegna ólöglegrar aðstoðar, rýfur fyrningarfrestinn. Í hvert sinn, sem fyrningarfrestur er rofinn, hefst jafnlangur frestur að nýju. Rjúfa ber fyrningarfrestinn á meðan ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA er til meðferðar fyrir EFTA-dómstólnum.

3. Sé fyrningarfrestur vegna aðstoðar útrunninn skal líta svo á að um yfirstandandi aðstoð sé að ræða.“

Fyrsta beiðni um upplýsingar, þar sem fjallað var um að leigusamningurinn jafngilti hugsanlega aðstoðarráðstöfun, var send 28. mars 2007. Eftirlitsstofnun EFTA telur að á þeim degi hafi tíu ára fyrningarfresturinn verið liðinn, þar sem bindandi samningur milli aðila var gerður 27. júní 1996. Því yrði ekki unnt að fá aðstoðina endurgreidda. Að auki var leigusamningurinn sjálfur þegar útrunninn á þeim degi, þar eð LILAS nýtti sér ekki þann möguleika að endurnýja samninginn í önnur tíu ár. Leigusamningurinn féll því niður 30. júní 2006 og sá samningur hefur ekki frekari áhrif.

⁽¹²⁾ Bókhald LILAS fyrir tímabilið 1997–2006 sýnir uppsafnað tap sem nemur nærri 10 500 000 norskra króna.

Við þessar aðstæður hefði ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um það hvort ráðstöfunin, sem hér er til athugunar, teljist aðstoð, og hvort hún samræmist ákvæðum EES-samningsins, engin áhrif í reynd. ⁽¹³⁾

2 Sala flugvallarins í Lista

2.1 Er um ríkisaðstoð að ræða?

Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóða svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Í Leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð varðandi ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum er að finna frekari upplýsingar um túlkun og beitingu ákvæða EES-samningsins um ríkisaðstoð af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA í tengslum við mat á sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum. Í undirkafla 2.1 er að finna lýsingu á sölu í skilmálalausu útboði en í undirkafla 2.2 er að finna lýsingu á sölu án skilmálalausu útboðs (með mati óvilhalls sérfræðings). Þessar tvær tegundir málsmeðferðar gera EFTA-ríkjunum kleift að annast sölu á lóðum og húseignum á þann hátt að girt sé fyrir að um ríkisaðstoð sé að ræða.

2.2 Er gengið á ríkisfjármuni?

Ráðstöfunin verður að vera aðstoð sem ríkið veitir eða veitt er af ríkisfjármunum. Þar eð Forsvarsbygg er ríkisstofnun eru fjármunir hennar ríkisfjármunir.

Þegar lóðir og húseignir í eigu hins opinbera eru seldar undir markaðsvirði bendir það til að ríkisfjármunir komi við sögu. Í Leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð varðandi ríkisaðstoð í tengslum við sölu á lóðum og húseignum er kveðið á um tvö tilvik þar sem lítið er svo á að verð það sem greitt er fyrir eignina samsvari sanngjörnu markaðsvirði og þar með sé girt fyrir að gengið sé á ríkisfjármuni, ef gildandi skilyrðum er fullnægt.

Eins og greint er frá hér að framan ber að greina á milli tvenns konar aðstæðna: tilvik þar sem salan hefur átt sér stað í skilmálalausu útboði (sjá lið i) hér að neðan) og tilvik þar sem salan hefur átt sér stað með vísan til virðismats óvilhalls sérfræðings (sjá lið ii) hér að neðan).

i) sala í skilmálalausu útboði

Stjórnvöld í Noregi viðurkenna að ferlið hafi hafist sem „*skilmálalauust útboð varðandi sölu á hluta flugvallarins. Auglýsingar, þar sem talin voru upp hugsanleg not sem hafa mátti af flugvælinum, voru birtar í ýmsum dagblöðum, svo sem Farsund Avis, Fedrelandsvennen og Stavanger Aftenblad á árinu 2000.*“

Hvorki auglýsingarnar né svokölluð „Lista-ráðstefna“ urðu til þess að sala tækist. Ferlið tók ekki til þess að flugvöllurinn yrði seldur í einu lagi. Þetta er staðfest í skýrslu ríkisendurskoðanda þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að hvorki hefði verið gert mat á allri eigninni né opinber tilkynning um fyrirhugaða sölu verið birt áður en samningaviðræður við Lista Flypark AS hófust í mars 2002. Eftirlitsstofnun EFTA telur því að ekki hafi verið um skilmálalauust útboð að ræða í tengslum við sölu flugvallarins í einu lagi og því sé útilokaður sá möguleiki að koma í veg fyrir ríkisaðstoð á þeim grundvelli, samkvæmt undirkafla 2.1 í Leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð varðandi ríkisaðstoð í tengslum við sölu á lóðum og húseignum.

⁽¹³⁾ Sjá, samkvæmt lögjefnun, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. september 2007 um aðstoðarráðstafanir stjórnvalda á Spáni í þágu félagsins IZAR, málsnr. C-47/2003, sem biður birtingar, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. nóvember 2005 um ráðstöfun stjórnvalda í Frakklandi í þágu félagsins Mines de potasse d'Alsace, málsnr. C 53/2000, Stjtið. ESB 2006 L 86, bls. 20.

ii) sala án skilmálalauss útboðs (mat sérfræðings)

Í undirkafla 2.2 í Leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð varðandi ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum segir, að því er varðar sölu án skilmálalauss útboðs: „Ef stjórnvöld ætla ekki að fylgja málsmeðferðinni sem lýst er í lið 2.1. skal fara fram óháð mat fyrir sölusamningaviðræður sem framkvæmt er af einum eða fleiri óvilhóllum eignamatsmönnum til að ákveða markaðsvirði á grundvelli almennra viðurkenndra markaðsvísa og matsstaðla. Markaðsverð sem þannig er ákveðið er **lágmarkskaupverð sem hægt er að fallast á án þess að veitt sé ríkisaðstoð.**“ (Leturbreyting hér)

Stjórnvöld í Noregi hafa bent á að Forsvarsbygg pantaði virðismat frá tveimur fasteignamatshyrirtækjum, OPAK og Verditakst AS. Matið var annars vegar gert í maí 2002 og hins vegar í júní 2002. Svo virðist sem samningaviðræður hafi hafist í marsmánuði 2002 en þó bendir ekkert til þess að samkomulag hafi tekist um verð áður en niðurstöður beggja skýrslanna voru gerðar heyrum kunnar. Í báðum skýrslum var lagt mat á markaðsvirði eignarinnar, án þess að tekið væri tillit til skuldbindinga vegna eldvarnastaðla, endurbóta á tæknibúnaði eða aðstöðu eða vegna leigusamningsins.

Verðið sem kaupandinn greiddi var ákvarðað með vísan til matsskýrslunnar frá Verditakst, þ.e. 11 000 000 norskra króna.

OPAK hafði á hinn bóginn komist að þeirri niðurstöðu að virði eignarinnar daginn sem hún var seld hefði verið 32 000 000 norskra króna og söluverðið sem sett var fram í leigusamningnum var 25 000 000 norskra króna fyrir allan flugvöllinn.

Í ljósi þess hve matið var mismunandi hóf Eftirlitsstofnun EFTA formlega rannsókn og skipaði óvilhallan sérfræðing, Geir Saastad, sem fékk það verkefni að:

- bera saman allar virðismatsgerðir sem Eftirlitsstofnun EFTA voru afhentar,
- ákvarða i) markaðsvirði flugvallarins og ii) virði þeirra skuldbindinga sem tengjast lóðinni og húseignunum.

Sérfræðingurinn lagði einnig mat á það hvort hegðun ríkisins hefði, við sölu eignarinnar, samsvarað hegðun einkafjárfestis á markaði eða hvort einkafjárfestir á markaði hefði, þvert á móti, aðhafst á annan hátt. Í því sambandi tók sérfræðingurinn tillit til sérstaks eðlis eignarinnar og þess vanda sem stjórnvöld í Noregi halda fram að þau hafi staðið frammi fyrir vegna fyrirliggjandi leigusamnings, sem gerður var við LILAS, og möguleika fyrirtækisins á að kaupa eignina við lok tíu ára leigutímabils.

Sérfræðingurinn lagði mat á aðferðirnar sem beitt var í matsgerðunum tveimur og komst að þeirri niðurstöðu að þótt í skýrslu OPAK væri leiguverð lagt og endurspeglaði að öllum líkindum verðið sem gildi í raun, væri þar ekki höfð hliðsjón af þeirri staðreynd að LILAS leigði hluta eignarinnar fyrir fast verð (10 000 norskar krónur á ári), sem er umtalsvert lægra en það sem talið var vera leiga á markaðsverði. Niðurfærslur vegna þess að húsnæði stæði autt og vegna viðhalds virðast einnig vera „*allt of lágar*“. Í þessu tilliti benti sérfræðingurinn á að kostnaður, sem tengdist því að 20% húsnæðisins stæðu auð á ársgrundvelli, væri ekki of mikill þegar höfð væri hliðsjón af því hvers eðlis eignin væri. Að auki benti sérfræðingurinn á að bæta ætti við verulegum rekstrar- og viðhaldskostnaði. Þessi kostnaður samanlagður myndi lækka virði sjóðstreymisins úr 26 milljónum nokkra króna (eins og OPAK mat það) í 10 milljónir norskra króna. Loks hefði átt að gefa afslátt af verði lóðarinnar og taka þannig tillit til þess hve erfitt reyndist að selja skika úr landinu. Sérfræðingurinn tók einnig fram í athugasemdum sínum við skýrslu OPAK að söluverðið sem kæmi fram í leigusamningnum, að fjárhæð 25 000 000 norskra króna, væri hrein tilgáta.

Í skýrslu Verditakst var heldur ekki tekið tillit til þess að hluti eignarinnar var leigður LILAS á verði sem leiddi til þess að tekjurnar af leigunni voru umtalsvert lægri miðað við þá forsendu að leigja ætti út eignina á markaðsverði. Markaðsverðið sem var notað samsvarar hins vegar því sem sérfræðingurinn hafði sjálfur gert ráð fyrir (sjá 4. hluta skýrslunnar). Auk þess greinir sérfræðingurinn frá því að Verditakst hefði notað tölur um rekstrar- og viðhaldskostnað sem samsvara því sem gengur og gerist í atvinnugreininni. Loks greinir hann frá því að matið á virði lóðarinnar sjálfur sé varfærnislegra en mat OPAK og lætur í ljós þá skoðun sína að honum finnst það meira við hæfi en mat sem er hærra.

Þegar sérfræðingurinn hafði borið saman skýrslurnar tvær komst hann að eftirfarandi: „*Helsti munurinn á matinu felst í útreikningunum á rekstrar- og viðhaldskostnaði. Mat Verditakst endurspeglar þær tölur sem notaðar eru innan fasteignageirans en það gerir mat OPAK ekki.*“

Sérfræðingurinn komst síðan að þessari niðurstöðu: „*Söluverðið í viðskiptunum 2002 virðist vera ámóta og áætlað markaðsverð. Flugvöllurinn í Lista var seldur á þeim tíma þegar takmarkaður áhugi var á eignum af þessu tagi: Lækkun hafði orðið á fasteignamarkaði og á fjármálamörkuðum á sama tíma og ekki var annað hægt að segja um eignina en að hún væri erfið viðfangs og afskekkt. Forsendurnar sem Verditakst notaði í mati sínu voru réttari en þær sem OPAK notaði í sínu mati. Helstu andmælin við mat OPAK eru þau að þar var ekki stuðst við eðlilegan rekstrarkostnað þegar virði eignarinnar var reiknað. Endurgjaldið fyrir skuldbindingarnar sem fluttust frá Forsvarsbygg til Lista Flypark AS í tengslum við sölu virðist ekki vera óeðlilega hátt, þegar tillit er tekið til fjölda húseigna á staðnum og stærðar lóðarinnar sem um ræðir.*“ (Leturbreyting hér)

Sérfræðingurinn lagði áherslu á að allt mat á svæði eins og flugvöllinum í Lista væri verulegri óvissu háð. Það má skýra með eftirfarandi þáttum:

- staðurinn er afskekktur samanborið við þéttbýl svæði með mælanlegan fasteignamarkað. Það hefur ekki aðeins áhrif á lóðaverð heldur einnig á leiguverð,
- á svæðinu er flugvöllur þar sem herinn var áður með umsvif. Fáar eða engar sambærilegar viðmiðunareignir eru til og
- kominn er tími á umtalsvert viðhald og viðgerðir á bæði lóð og húseignum.

Í ljósi skýrslunnar frá óháða sérfræðingnum telur Eftirlitsstofnun EFTA að flugvöllurinn hafi verið seldur á markaðsverði.

Í fyrsta lagi var raunverulegt söluverð í samræmi við mat á markaðsvirði sem kom fram í skýrslu Verditakst. Sú staðreynd að mat OPAK á markaðsvirðinu hafi verið umtalsvert hærra gefur sem slíkt ekki tilefni til að álykta að um ríkisaðstoð hefði verið að ræða ⁽¹⁴⁾.

Sérfræðingurinn, sem Eftirlitsstofnun EFTA skipaði, bendir einmitt á það, eins og nefnt er hér að framan, að nokkrir þættir bendi til þess að mat OPAK á markaðsvirði hafi verið of hátt og að forsendurnar sem Verditakst studdist við hafi verið réttari en forsendur OPAK. Eftirlitsstofnun EFTA tekur undir það álit að fasteignamarkaðurinn í Lista sé ekki dæmigerður og að erftitt sé að meta hann og, eins og Saastad greindi frá, að allt mat á svæði eins og flugvöllinum í Lista sé verulegri óvissu háð. Dreifnin í matsgerðunum tveimur frá 2002 sýnist renna stoðum undir þá óvissu sem tengist markaðnum þar. Það er líka svo að ekki aðeins tókst Forsvarsbygg ekki að selja skíka úr lóðinni, heldur hafa tilraunir Lista Flypark AS til að selja lóðarskíka til nýrra fyrirtækja borið takmarkaðan árangur frá því að félagið keypti eignina á árinu 2002. Lágmarksvirði flugvallarins fékkst enn frekar staðfest með því hversu erfiðlega gekk að selja hann og hversu langan tíma það tók, en söluferlið stóð frá 1997 til 2002.

Lokaþátturinn í verðinu, sem greitt var, er virði tiltekins kostnaðar sem var dregið frá verði eignarinnar til að finna endanlegt verð. Í undirkafla 2.2 í Leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð varðandi ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum er sérstaklega kveðið á um eftirfarandi: „Sérstakar skuldbindingar sem tengjast lóðum og húseignum en ekki kaupanda eða atvinnustarfsemi hans má láta fylgja sölnunni“. Efnahagslegt óhagræði af slíkum skuldbindingum má jafna út á móti söluverðinu.

Sérfræðingurinn vekur athygli á því, í tengslum við þessar skuldbindingar, að fjárhæðirnar séu ekki óeðlilega háar, þegar tekið er tillit til svæðisins sem þær tengjast, og að ekki sé óvanalegt að virði skuldbindinga af þessu tagi sé meira en virði eignarinnar sjálfra. Þótt verklagið við yfirfærslu fjármuna megi teljast „*afar óvenjulegt*“, telur Eftirlitsstofnun EFTA að þetta hafi ekki áhrif á matið á virði skuldbindinganna sjálfra.

⁽¹⁴⁾ Sjá, samkvæmt löggjöfnun, sameinuð mál T 127/99, T 129/99 og T 148/99 *Diputación Foral de Álava* [2002] ECR II 1275, 85. málslið.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið, ásamt þeirri staðreynd að erfitt getur reynst að selja eign, sem er íþyngt með forkaupsrétti eða öðrum kauprétti, lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á, að því er varðar söluna á flugvelli, að ekki hafi verið færðar sönnur á að ríkisfjármunir hafi komið við sögu og að um ríkisaðstoð hafi verið að ræða.

3 Niðurstaða

Á grundvelli matsins, sem hér hefur verið lýst, er það afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að salan á flugvelli í Lista feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Málsmeðferð, sem hafin var í samræmi við ákvæði 4. mgr. 4. gr., með vísan til 13. gr., II. hluta bókar 3 varðandi leigu á flugvelli í Lista, er hér með felld niður.

2. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að salan á flugvelli í Lista hafi ekki falið í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

4. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 27. mars 2009.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud

forseti

Kurt Jaeger

stjórnarmaður

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2011/EES/11/02

(mál COMP/M.6076 – Orangina Schweppes/Européenne d'Embouteillage)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. febrúar 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska samsteypan Groupe Orangina Schweppes („Orangina Schweppes“), sem lýtur yfirráðum japönsku samsteypannar Suntory Group („Suntory Group“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í franska fyrirtækinu Européenne d'Embouteillage („Européenne d'Embouteillage“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Suntory Group: framleiðsla og markaðssetning á matvöru, sykurlausum drykkjum, óáfengum drykkjum og áfengum drykkjum, veitingaþjónusta og önnur starfsemi sem tengist heilbrigði, náttúru og vellíðan í Japan, Asíu, Ameríku og á Eyjaálfusvæðinu. Suntory-samsteypan stundar lítilsháttar viðskipti á markaði fyrir áfenga drykki í Evrópu
 - Groupe Orangina: framleiðsla og markaðssetning óáfengra drykkja (að undanskildum kóladykkjum) í ýmsum löndum, einkum í Evrópu
 - Européenne d'Embouteillage: framleiðsla á óáfengum drykkjum í Frakklandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 64, 1. mars 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6076 – Orangina Schweppes/Européenne d'Embouteillage, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6082 – China National Bluestar/Elkem)

2011/EES/11/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. febrúar 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kínverska fyrirtækið China National Bluestar Group Co., Ltd. („Bluestar“), sem lýtur yfirráðum hins kínverska China National Chemical Corporation („ChemChina“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í norska fyrirtækinu Elkem AS („Elkem“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Bluestar: framleiðsla nýrra íðefna, þ.m.t. kísill, íðefni sem eru unnin úr jarðolíu, hreinsivörur til iðnaðarmota og vörur til hreinsunar á himnum og vatni, svo vísindarannsóknir. ChemChina framleiðir einnig ný íðefni og grunníðefni, vörur fyrir olíuvinnslu og -hreinsun, íðefni í landbúnaði, gúmmívörur og búnað til efnavinnslu
 - Elkem: framleiðsla og sala kísilmálms, kísiljárns, kolefnisvara, örkísils, og önnur tengd starfsemi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 71, 5. mars 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6082 – China National Bluestar/Elkem, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6083 – Fiat/GM/VM Motori JV)

2011/EES/11/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. febrúar 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið Fiat Powertrain Technologies S.p.A. („FPT“), sem er dótturfélag í einkaeigu hins ítalska Fiat S.p.A. („Fiat“), og spænska fyrirtækið General Motors Automotive Holdings, S.L. („GMAH“), sem er dótturfélag í einkaeigu hins bandaríska General Motors Company („GM“), öðlast með hlutfjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í ítalska fyrirtækinu VM Motori S.p.A. („VM Motori“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Fiat-samsteypan: framleiðsla og sala á bifreiðum, atvinnuökutækjum, landbúnaðarvélum og byggingarvélum. Fiat framleiðir einnig ökutækjahluti og, fyrir tilstilli FPT, hannar, framleiðir og dreifir vélum í ökutæki, iðnaðartæki, skip og til orkuframleiðslu, auk þess sem fyrirtækið framleiðir og selur girrkassa
 - GM: framleiðir ökutæki um heim allan, starfar við hönnun, framleiðslu og sölu á ökutækjum og veitir tengda þjónustu
 - VM Motori: hannar, framleiðir og selur dísilvélar fyrir ökutæki, til nota í iðnaði og landbúnaði, og kyrrstæðar vélar
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 64, 1. mars 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6083 – Fiat/GM/VM Motori JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6104 – Safran/SNPE Matériaux Energétiques/Regulus)

2011/EES/11/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. febrúar 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Safran („Safran“), sem tilheyrir frönsku samsteypunni Safran Société Anonyme, öðlast með hlutfjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í franska fyrirtækinu SNPE Matériaux Energétiques („SME“) og sameiginleg yfirráð í því franska Regulus („Regulus“. Regulus og SME eru nefnd einu nafni „markfyrirtækin“ í því sem hér fer á eftir).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Safran: hreyflar í loftför, flugvélabúnaður og öryggisbúnaður á sviði landvarna
 - Markfyrirtækin: hreyflar í flugskeyti og geimför, kveikibúnaður og samsett efni
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 68, 3. mars 2011). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6104 – Safran/SNPE Matériaux Energétiques/Regulus, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6119 – Arla/Hansa)

2011/EES/11/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. febrúar 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem danska fyrirtækið Arla Foods amba („Arla“) öðlast með hlutafjár- og eignakaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu Hansa-Milch Mecklenburg-Holstein eg („Hansa“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Arla: Arla er mjólkursamlag í eigu sænskra og danskra mjólkurframleiðenda og stundar framleiðslu og sölu á margs konar mjólkurvörum um allan heim
 - Hansa: Hansa er samvinnufélag í eigu þýskra mjólkurframleiðenda og stundar framleiðslu og sölu á mjólkurvörum, einkum nýjum mjólkurvörum, geymsluþolinni mjólk, smjöri og þurrmjólk
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 68, 3. mars 2011). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6119 – Arla/Hansa, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6120 – APMT/PSA/COSCO/DPPC/DPCT)

2011/EES/11/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. febrúar 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið APM Terminals China Company Limited („APMT“), sem tilheyrir dönsku samsteypunni A.P. Møller-Maersk A/S („APMM“), kínverska fyrirtækið PSA China Pte Ltd, sem tilheyrir hinu singapúrsku PSA International Pte Ltd („PSA“), fyrirtækið COSCO Ports (Dalian) Limited („COSCO Dalian“), sem tilheyrir samsteypunni China Ocean Shipping (Group) Company („COSCO“) og hið kínverska Dalian Port Company (PDA) Limited („DPPC“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirlað, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í kínverska fyrirtækinu Dalian Port Container Terminal Co. Ltd. („DPCT“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - APMM: þróun og rekstur gámastöðva og tengdrar starfsemi um heim allan, gámaflutningar með skipum, flutningar á skipgengum vatnaleiðum og vöruferlisstjórnun, dráttarþjónusta í höfnum, tankskip, olíu- og gasleit og framleiðsla, smásala og loftflutningar
 - PSA : rekstur hafna um heim allan
 - COSCO: vöruflutningar með skipum, vöruferlisstjórnun, skipasmíðar og -viðgerðir, þjónusta við skipaumsjón, skipaverkfræði, rekstur miðstöðva og tengd fjármála- og upplýsingatæknipjónusta
 - DPPC: eignarhaldsfélag Dalian Port-samsteypunnar, sem stundar rekstur á gámamiðstöðvum, bifreiðamiðstöðvum og miðstöðvum fyrir olíu og iðefni í vökvaformi, svo og tengda vöruferlisstjórnunar- og hafnarþjónustu
 - DPCT: rekstur gámamiðstöðva vegna skipaflutninga í höfninni í Dalian í Kína
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 60, 25. febrúar 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6120 – APMT/PSA/COSCO/DPPC/DPCT, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6127 – Atos Origin/Siemens IT Solutions & Services)

2011/EES/11/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. febrúar 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Atos Origin S.A. („AO“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu Siemens IT Solutions and Services GmbH („SIS Holding“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - AO: ýmiss konar þjónusta á sviði upplýsingatækni, svo sem ráðgjöf, samþætting kerfa og heildarlausnir (hönnun, smíði og rekstur)
 - SIS Holding: heildstæð þjónusta á sviði upplýsingatækni (grunnvirki upplýsingatækni, stjórnun á upplýsingatækniþorritum, útvistun viðskiptaferla og viðhaldsþjónusta), sérhannaðar upplýsingatæknilausnir, ráðgjafarþjónusta á sviði upplýsingatækni og þjónusta við samþættingu kerfa
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 68, 3. mars 2011). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6127 – Atos Origin/Siemens IT Solutions & Services, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6128 – Blackstone/Mivisa)

2011/EES/11/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. febrúar 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fjárfestingarsjóðir sem lúta stjórn eða njóta ráðgjafar bandaríska fyrirtækisins Blackstone Group L.P. (einu nafni „Blackstone“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í spænska fyrirtækinu Sofamen XXI, S.A.U. (og dótturfélögum þess „Mivisa“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Blackstone: sérhæft eignaumsýslufélag á heimsvísu og veitir þjónustu á sviði fjármálaráðgjafar
 - Mivisa: framleiðsla á blikkdósum undir matvæli
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 60, 25. febrúar 2011). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6128 – Blackstone/Mivisa, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6133 – FSI/STMicroelectronics)

2011/EES/11/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. febrúar 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Fonds Stratégique d'Investissement S.A. („FSI“), sem lýtur yfirráðum hins franska Caisse des Dépôts et Consignations („CDC“), öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í svissneska fyrirtækinu STMicroelectronics N.V. („STM“), sem nú lýtur sameiginlegum yfirráðum efnahags- og fjármálaráðuneytis Ítalíu og franska fyrirtækisins Areva S.A. („Areva“), með kaupum á öllum hlutabréfum sem Areva á óbeint í félaginu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - FSI: fjárfestingarsjóður
 - STM: framleiðsla á hálfleiðaravörum
 - Efnahags- og fjármálaráðuneyti Ítalíu: umsýsla með fjármuni ríkisins
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 70, 4. mars 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6133 – FSI/STMicroelectronics, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6142 – AVIC/Pacific Century Motors)**

2011/EES/11/11

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. febrúar 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kínverska fyrirtækið AVIC Automobile Industry Co., Ltd. („AVIC Auto“), dótturfélag í einkaeigu Aviation Industry Corporation of China („AVIC“), öðlast með hlutfjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í kínverska fyrirtækinu Pacific Century Motors Co., Ltd. („PCM“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - AVIC Auto: hönnun, framleiðsla og sala á ökutækjaíhlutum
 - PCM: hönnun, framleiðsla og sala á stýrisvörum og íhlutum í driföxla fyrir vélknúin ökutæki
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 62, 26. febrúar 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6142 – AVIC/Pacific Century Motors, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 27 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. mars 2011 2011/EES/11/12

(Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1))

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun aðferðar við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta (Stjtíð. ESB C 14, 19.1.2008, bls. 6). Þá verður að bæta við grunnvextina viðeigandi álagi í samræmi við orðsendinguna eftir því í hvaða samhengi viðmiðunarvextirnir eru notaðir. Að því er afreiknivextina varðar merkir þetta að hækka verður grunnvextina sem nemur 100 grunnpunktum. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 271/2008 frá 30. janúar 2008 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (EB) nr. 794/2004 er kveðið á um að endurkröfuvextir skuli einnig ákveðnir með því að bæta 100 grunnpunktum við grunnvextina, nema kveðið sé á um annað í sérstakri ákvörðun.

Frá	Til	AT	BE	BG	CY	CZ	DE	DK	EE	EL
1.1.2011	28.2.2011	1,49	1,49	3,97	1,49	1,79	1,49	1,76	1,49	1,49
1.3.2011	–	1,49	1,49	3,97	1,49	1,79	1,49	1,76	1,49	1,49

Frá	Til	ES	FI	FR	HU	IE	IT	LT	LU	LV
1.1.2011	28.2.2011	1,49	1,49	1,49	5,61	1,49	1,49	2,56	1,49	2,64
1.3.2011	–	1,49	1,49	1,49	5,61	1,49	1,49	2,56	1,49	2,20

Frá	Til	MT	NL	PL	PT	RO	SE	SI	SK	UK
1.1.2011	28.2.2011	1,49	1,49	4,26	1,49	7,18	1,76	1,49	1,49	1,48
1.3.2011	–	1,49	1,49	4,26	1,49	7,18	2,23	1,49	1,49	1,48

Kynningartilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu Nýjar almannapjónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug milli Lampedusa og Pantelleria og Trapani, Palermo og Catania 2011/EES/11/13

Aðildarríki	Ítalía
Flugleiðir	Pantelleria – Trapani (báðar leiðir) Pantelleria – Palermo (báðar leiðir) Lampedusa – Palermo (báðar leiðir) Lampedusa – Catania (báðar leiðir)
Gildistökudagur almannapjónustukvaða	27.3.2011
Upplýsingar og/eða skjöl, sem varða almannapjónustukvaðirnar, má nálgast endurgjaldslaust samkvæmt beiðni sem senda ber:	ENAC Ente nazionale per l'aviazione civile Direzione centrale regolazione economica Direzione trasporto aereo Viale del Castro Pretorio 118 00185 Roma RM Italia http://www.enac.gov.it Netfang: osp@enac.gov.it

**Kynningartilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt málsmeðferðinni sem 2011/EES/11/14
mælt er fyrir um í 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu**

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Ítalía
Flugleiðir	Pantelleria – Trapani (báðar leiðir) Pantelleria – Palermo (báðar leiðir) Lampedusa – Palermo (báðar leiðir) Lampedusa – Catania (báðar leiðir)
Samningstími	1 ár, frá 27.3.2011 að telja
Frestur til að skila tilboðum	Tveimur mánuðum frá því að kynningartilkynning þessi birtist (birtingardagur 19.2.2011)
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannajónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	ENAC Ente nazionale per l'aviazione civile Direzione centrale regolazione economica Direzione trasporto aereo Viale del Castro Pretorio 118 00185 Roma RM Italia http://www.enac.gov.it Netfang: osp@enac.gov.it

**Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 2011/EES/11/15
1. nóvember 2010 til 31. desember 2010**

Birt hefur verið yfirlit um ákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru í nóvember og desember 2010, sjá *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins C 61, 25.2.2011*.